Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 1. janúar - 30. júní 2025

**Efnisyfirlit** **bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ........ | **2** |
| Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 ........ | **3** |
| Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 ........ | **4** |
| Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2025 ........ | **5 - 6** |
| Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 ........ | **7** |
| Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 ........ | **8** |
| Skýringar ........ | **9 - 14** |



**Síldarvinnslan hf.**
Kennitala 570269-7479
Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Vísir ehf., Sjávarmál ehf., Mar Guesthouse ehf., Vísir Gmbh., Deutsche Salzfisch - Union Gmbh. og Pytheas Seafood P.C.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 158,8 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 12,5 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.075,4 milljónum dollara í lok tímabilsins.

Eigið fé samstæðunnar nam 686,9 milljónum dollara í lok tímabilsins en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 4,1 milljónir dollara.  Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 63,9% í lok tímabilsins.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

*Hlutafjáraukning í Arctic Fish Holding AS.*

Síldarvinnslan hf., er eigandi 34,2% hlutar í Arctic Fish Holding AS („Arctic Fish“). Þann 20. ágúst sl. tilkynnti Síldarvinnslan um þátttöku félagsins í fyrirhugaðri hlutafjáraukningu hjá Arctic Fish. Síldarvinnslan hefur gefið vilyrði fyrir að skrá sig fyrir hlutum í samræmi við eignarhlutfall sitt, allt að fjárhæð EUR 14 milljónum. Hlutafjárhækkunin er meðal annars háð samþykki hluthafafundar Arctic Fish. Sjá nánar skýringu 9.

*Hækkun veiðigjalda*

Hinn 14. júlí síðastliðinn breytti Alþingi lögum um veiðigjald, sbr. lög nr. 55/2025. Með lögunum var grundvelli og forsendum útreikninga veiðigjalds fyrir bolfisk og uppsjávarfisk breytt. Breytingin mun leiða til verulegrar hækkunar veiðigjalds á rekstrarárinu 2026. Sjá nánar í skýringu nr. 9.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum ársreikninga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 28. ágúst 2025.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

# Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025

| | Skýringar | Annar ársfjórðungur | | Fyrri árshelmingur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **2025** | **2024** | **2025** | **2024** |
| | | **1.4-30.6** | **1.4-30.6** | **1.1-30.6** | **1.1-30.6** |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Seldar vörur ...................................................... | | 76.152.317 | 60.065.991 | 158.786.801 | 141.346.575 |
| Hagnaður af sölu eigna ................................... | | 58.641 | 272.386 | 58.641 | 363.023 |
| | | 76.210.958 | 60.338.377 | 158.845.442 | 141.709.598 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara .............................. | | 34.900.426 | 31.650.592 | 70.899.213 | 69.459.895 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður ......................... | | 23.565.948 | 19.504.615 | 45.592.498 | 41.322.812 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................. | | 1.890.547 | 2.613.826 | 4.329.421 | 5.150.796 |
| | | 60.356.921 | 53.769.033 | 120.821.132 | 115.933.503 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | **15.854.037** | **6.569.344** | **38.024.310** | **25.776.095** |
| Afskriftir fastafjármuna .................................... | 4 | 4.582.381 | 5.497.146 | 9.090.872 | 10.169.490 |
| Rekstrarhagnaður .......................................... | | 11.271.656 | 1.072.198 | 28.933.438 | 15.606.605 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur ...................................................... | | 824.858 | 1.253.057 | 2.149.783 | 2.623.206 |
| Vaxtagjöld ...................................................... | | (3.624.309) | (5.141.117) | (7.866.584) | (10.574.191) |
| Gengismunur ................................................... | | 1.758.066 | 600.738 | 3.715.705 | 1.580.810 |
| Tekjur af verðbréfum ....................................... og afleiðusamningum .................................... | | (505.646) | 1.964.189 | (901.670) | 2.943.849 |
| | | (1.547.031) | (1.323.133) | (2.902.766) | (3.426.326) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga ....................... | | (2.611.333) | (1.986.772) | (8.547.492) | (432.964) |
| | | (2.611.333) | (1.986.772) | (8.547.492) | (432.964) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 7.113.292 | (2.237.707) | 17.483.180 | 11.747.315 |
| Tekjuskattur ..................................................... | | (1.923.449) | 302.950 | (5.010.287) | (2.413.522) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 5.189.843 | (1.934.757) | 12.472.893 | 9.333.793 |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt | | | | | |
| Eigendur félagsins ........................................... | | 5.119.603 | (1.900.937) | 12.162.144 | 9.146.530 |
| Hlutdeild minnihluta ......................................... | | 70.240 | (33.820) | 310.749 | 187.263 |
| | | 5.189.843 | (1.934.757) | 12.472.893 | 9.333.793 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Hagnaður eigenda félagsins af áframhaldandi starfsemi á útistandandi hlut .... | | 0,0028 | (0,0010) | 0,0066 | 0,0050 |
| **Starfsþáttayfirlit** | 3 | | | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025

| | Skýringar | 2025<br>1.4-30.6 | 2024<br>1.4-30.6 | 2025<br>1.1-30.6 | 2024<br>1.1-30.6 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 5.189.843 | (1.934.757) | 12.472.893 | 9.333.793 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | | | |
| *Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:* | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum ... | | 33.065.309 | (3.390.731) | 48.995.949 | (10.143.528) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 38.255.152 | (5.325.488) | 61.468.842 | (809.735) |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | | | | |
| Eigendur félagsins ........................................... | | 37.854.847 | (5.180.573) | 60.635.629 | (803.263) |
| Hlutdeild minnihluta ......................................... | | 400.305 | (144.915) | 833.213 | (6.472) |
| | | 38.255.152 | (5.325.488) | 61.468.842 | (809.735) |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2025

| **Eignir** | **Skýringar** | **30.6.2025** | **31.12.2024** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Fiskveiðiheimildir | | 525.596.327 | 483.158.867 |
| | | 525.596.327 | 483.158.867 |
| Rekstrarfjármunir: | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 231.730.620 | 233.113.626 |
| Leiguréttindi | | 2.254.148 | 2.237.592 |
| | | 233.984.768 | 235.351.218 |
| Fjárfestingar: | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 139.691.430 | 132.870.411 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.504.459 | 2.165.100 |
| Skuldabréfaeign | | 119.292 | 53.327 |
| | | 142.315.181 | 135.088.838 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 901.896.276 | 853.598.923 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 5 | 45.257.024 | 56.618.859 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 33.898.803 | 40.239.623 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 8.913.018 | 7.392.102 |
| Handbært fé | | 85.468.676 | 101.782.631 |
| | | 173.537.521 | 206.033.215 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 173.537.521 | 206.033.215 |
| **Eignir samtals** | | 1.075.433.797 | 1.059.632.138 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2025

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 15.122.610 | 15.122.610 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 126.764.582 | 126.764.582 |
| Annað bundið eigið fé | | 103.452.693 | 45.893.331 |
| Óráðstafað eigið fé | | 437.471.007 | 452.081.997 |
| | | 682.810.892 | 639.862.520 |
| Hlutdeild minnihluta | | 4.073.183 | 3.239.970 |
| | | 686.884.075 | 643.102.490 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 57.139.193 | 247.382.460 |
| Leiguskuldbinding | | 1.105.885 | 1.082.538 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 108.719.981 | 100.219.413 |
| | | 166.965.059 | 348.684.411 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 16.940.396 | 17.879.126 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 7 | 165.767.912 | 9.318.620 |
| Reiknaðir skattar tímabilsins | | 4.952.467 | 12.053.169 |
| Viðskiptaskuldir | | 18.636.731 | 16.021.880 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 13.675.014 | 10.097.188 |
| Skuldir við tengd félög | 8 | 1.612.143 | 2.475.254 |
| | | 221.584.663 | 67.845.237 |
| **Skuldir samtals** | | 388.549.722 | 416.529.648 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.075.433.797 | 1.059.632.138 |
| **Aðrar upplýsingar** | 9 | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. júní 2024:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .................. | 15.122.610 | 126.764.582 | 63.370.670 | 436.036.960 | 3.179.252 | 644.474.074 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ............ | | | | 9.146.530 | 187.263 | 9.333.793 |
| Þýðingarmunur ..................... | | | (9.949.793) | | (193.735) | (10.143.528) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........ | | | 1.830.187 | (1.830.187) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur ........ | | | (1.912) | 1.912 | | 0 |
| | 0 | 0 | (8.121.518) | 7.318.255 | (6.472) | (809.735) |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður ...................... | | | | (23.266.532) | | (23.266.532) |
| Staða í lok tímabils ............... | 15.122.610 | 126.764.582 | 55.249.152 | 420.088.683 | 3.172.780 | 620.397.807 |

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. júní 2025:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .................. | 15.122.610 | 126.764.582 | 45.893.331 | 452.081.997 | 3.239.970 | 643.102.490 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ............ | | | | 12.162.144 | 310.749 | 12.472.893 |
| Þýðingarmunur ..................... | | | 48.473.485 | | 522.464 | 48.995.949 |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........ | | | 9.085.877 | (9.085.877) | | 0 |
| | 0 | 0 | 57.559.362 | 3.076.267 | 833.213 | 61.468.842 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður ..................... | | | | (17.687.258) | | (17.687.258) |
| | 0 | 0 | 0 | (17.687.258) | 0 | (17.687.258) |
| Staða í lok tímabils ............... | 15.122.610 | 126.764.582 | 103.452.693 | 437.471.007 | 4.073.183 | 686.884.075 |

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2024 var haldinn 20. mars 2025. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 2.349,4 milljónir kr. (17,7 milljónir USD) sem jafngildir 1,27 krónum á hlut (2024: 1,73 króna á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. mars 2025.

Há fjárhæð þýðingarmunar á tímabilinu er vegna dótturfélagsins Vísis ehf. og hlutdeildarfélagsins Arctic Fish sem gera bæði upp í evrum (EUR), svo og vegna dótturfélagsins Bergs-Hugins ehf. sem gerir upp í Íslenskum krónum (ISK). Vegna þessa er færður jákvæður þýðingarmunur að fjárhæð USD 20,8 milljónir vegna Vísis ehf., USD 13,2 milljónir vegna hlutdeildarfélagsins Arctic Fish og USD 12,0 milljónir vegna Bergs-Hugins ehf. Jafnframt er jákvæður þýðingarmunur vegna annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga samtals fjárhæð USD 2,5 milljón.

# Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025

| | Skýringar | 2025<br>1.1-30.6 | 2024<br>1.1-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | 28.933.438 | 15.606.605 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 9.090.872 | 10.169.490 |
| Aðrir liðir | | (58.642) | (363.024) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 37.965.668 | 25.413.071 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) | | 5.731.500 | 12.091.501 |
| Birgðir, lækkun | | 12.960.871 | 18.373.140 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 3.808.320 | (3.189.697) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 60.466.359 | 52.688.015 |
| Innborgaðir vextir og arðstekjur | | 772.354 | 1.179.540 |
| Greiddir vextir | | (8.451.458) | (10.209.235) |
| Aðrir fjármunaliðir | | 7.775.736 | 2.932.032 |
| Greiddur tekjuskattur | | (10.276.010) | (7.230.449) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 50.286.981 | 39.359.903 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (1.052.117) | (4.980.426) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 503.448 | 618.252 |
| Arður frá hlutdeildarfélögum | | 102.452 | 114.723 |
| Seldir/(keyptir) eignarhlutir í öðrum félögum | | (522) | (18.108) |
| | | (500.012) | (4.265.559) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 7 | (47.352.302) | (32.973.872) |
| Greiddur arður | | (17.687.258) | (23.266.532) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | (2.957.594) | 15.348.801 |
| | | (67.997.154) | (40.891.603) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (18.210.185) | (5.797.259) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 101.782.631 | 81.650.166 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | 1.896.232 | (312.398) |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 85.468.678 | 75.540.509 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar" og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 28. ágúst 2025.

## 2. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2024. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum, tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfsþætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfsþættir falla undir liðinn *Annað*.

| **1.1.-30.6. 2024** | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur* .................. | 68.360.460 | 103.207.371 | 19.265.970 | (40.008.689) | (9.478.537) | 141.346.575 |
| Hagnaður af sölu eigna .................. | 0 | 54.048 | 308.975 | 0 | 0 | 363.023 |
| Kostnaðarverð seldra vara* ................ | 25.501.210 | 76.157.683 | 17.288.228 | (40.008.689) | (9.478.537) | 69.459.895 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ...... | 27.008.705 | 10.834.752 | 3.479.355 | 0 | 0 | 41.322.812 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 938.548 | 1.427.212 | 2.785.036 | 0 | 0 | 5.150.796 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ................ | 14.911.997 | 14.841.773 | (3.977.674) | 0 | 0 | 25.776.095 |
| Afskriftir fastafjármuna ... | (5.923.548) | (4.007.501) | (238.442) | 0 | 0 | (10.169.490) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (3.426.326) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (432.964) |
| Tekjuskattur ................... | | | | | | (2.413.522) |
| Hagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 9.333.793 |
| Fjárfestingar ................... | (37.021) | (3.210.800) | (1.732.605) | 0 | 0 | (4.980.426) |
| Rekstrarfjármunir ........... | 118.359.517 | 109.738.565 | 7.308.326 | 0 | 0 | 235.406.408 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 494.733.389 |
| Aðrar eignir, óskiptar ...... | | | | | | 313.120.425 |
| Skuldir, óskiptar ............. | | | | | | (422.862.415) |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna breyttrar flokkunar á deild hjá dótturfélagi en breytingin átti sér stað á þriðja ársfjórðungi 2024.

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

| 1.1.-30.6. 2025 | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur .................. | 78.047.932 | 109.558.237 | 20.620.481 | (42.491.152) | (6.948.699) | 158.786.801 |
| Kostnaðarverð seldra vara .................. | 27.944.090 | 74.201.270 | 18.193.703 | (42.491.152) | (6.948.699) | 70.899.213 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ...... | 29.274.995 | 12.584.186 | 3.733.317 | 0 | 0 | 45.592.498 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 954.662 | 1.075.184 | 2.299.575 | 0 | 0 | 4.329.421 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ............... | 19.874.185 | 21.697.598 | (3.547.473) | 0 | 0 | 38.024.310 |
| Afskriftir fastafjármuna ... | (4.973.157) | (3.802.091) | (315.624) | 0 | 0 | (9.090.872) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (2.902.766) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (8.547.492) |
| Tekjuskattur .................. | | | | | | (5.010.287) |
| Hagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 12.472.893 |
| Fjárfestingar .................. | 0 | (601.597) | (450.520) | 0 | 0 | (1.052.117) |
| Rekstrarfjármunir ........... | 117.517.064 | 108.494.982 | 7.972.722 | 0 | 0 | 233.984.768 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 525.596.327 |
| Aðrar eignir, óskiptar ...... | | | | | | 315.852.702 |
| Skuldir, óskiptar ............ | | | | | | (388.549.722) |

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestingum í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

| Í lok tímabils 30.6.2025: | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun ........................................ | 51.862.355 | 116.918.686 | 64.332.582 | 233.113.626 |
| Viðbót tímabilsins ........................................ | 273.837 | 0 | 795.275 | 1.069.112 |
| Bókfært verð seldra eigna ........................................ | (436.592) | 0 | (8.215) | (444.807) |
| Áhrif gengisbreytinga ........................................ | 1.657.026 | 4.390.840 | 899.891 | 6.947.757 |
| Afskriftir ........................................ | (1.113.430) | (4.867.844) | (2.973.796) | (8.955.070) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins ........................................ | 52.243.196 | 116.441.682 | 63.045.737 | 231.730.620 |

| Bókfært verð í lok tímabilsins 30.6.2025 greinist þannig: | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð ........................................ | 104.680.906 | 200.400.877 | 165.388.719 | 470.470.502 |
| Afskrifað samtals ........................................ | (52.437.710) | (83.959.195) | (102.342.982) | (238.739.882) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins ........................................ | 52.243.196 | 116.441.682 | 63.045.737 | 231.730.620 |
| Afskriftahlutfall á ári ........................................ | 0-6% | 4-10% | 6-20% | |

| Afskriftir greinast þannig: | 1.1.-30.6.2025 | 1.1.-30.6.2024 |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna ........................................ | 8.955.070 | 10.035.777 |
| Afskriftir leiguréttinda og geymsluhólfa ........................................ | 135.802 | 133.713 |
| | 9.090.872 | 10.169.490 |

# Skýringar

## 5. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Hráefni | 2.617.369 | 2.739.345 |
| Fullunnar afurðabirgðir | 29.642.804 | 40.304.733 |
| Rekstrarvörur | 4.385.016 | 5.125.277 |
| Veiðarfæri | 8.611.835 | 8.449.503 |
| | 45.257.024 | 56.618.859 |

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 29,6 milljónir dollara þann 30.06.2025 samanborið við 40,3 milljón dollara þann 31.12.2024. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að 37,6 milljónum dollara í samanburði við 51,6 milljónir dollara í lok árs 2024.

Birgðir samstæðunnar á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok tímabilsins og byggja m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

## 6. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Almennar viðskiptakröfur | 8.952.058 | 10.042.292 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög | 25.222.562 | 30.784.530 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (275.817) | (587.199) |
| | 33.898.803 | 40.239.623 |

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli Síldarvinnslunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Síldarvinnslan hf. er með kröfufjármögnun frá viðskiptabanka félagsins. Viðskiptabankinn kaupir kröfur vegna sölu á mjöli og lýsi. Síldarvinnslan ber 5% útlánaáhættu af kröfufjármögnuninni. Samanlögð áhætta Síldarvinnunnar hf. 30.6.2025 var USD 1,4 milljónir. Engin varúðarfærsla er færð vegna kröfufjármögnunar félagsins.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig: | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (587.199) | (422.383) |
| Breyting á niðurfærslu | 295.403 | (167.909) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 0 | 3.954 |
| Áhrif gengisbreytinga | 15.979 | (860) |
| Staða í lok tímabils | (275.817) | (587.199) |

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

# Skýringar

## 7. Skuldir við lánastofnanir

| Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 101.489.269 | 145.869.301 |
| Skuldir í EUR | 102.325.925 | 93.468.705 |
| Skuldir í GBP | 4.488.594 | 4.235.078 |
| Skuldir í NOK | 11.139.209 | 9.938.778 |
| Skuldir í JPY | 3.464.108 | 3.189.218 |
| | 222.907.105 | 256.701.080 |
| Afborganir næstu 12 mánaða | (165.767.912) | (9.318.620) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 57.139.193 | 247.382.460 |

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 165.767.912 |
| Afborganir á árinu 2026-2027 | 5.426.722 |
| Afborganir á árinu 2027-2028 | 46.393.977 |
| Afborganir á árinu 2028-2029 | 1.520.022 |
| Afborganir á árinu 2029-2030 | 1.520.022 |
| Afborganir síðar | 2.278.450 |
| | 222.907.105 |

| Langtímaskuldir samtals USD 222.907.105, koma þannig fram í efnahagsreikningi: | 30.6.2025 |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda | 165.767.912 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 57.139.193 |
| | 222.907.105 |

Samstæðan er í viðræðum við viðskiptabanka sinn um endurnýjun á lánasamningum félagsins sem eru á eindaga í mars 2026. Fyrir liggur vilji bankans um endurnýjun á lánasamningi. Endurnýjun lánasamningsins verður lokið fyrir árslok 2025 og mun þá næsta árs afborgun samstæðunnar lækka verulega.

| Breyting á langtímaskuldum greinist þannig: | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 256.701.080 | 302.111.238 |
| Afborganir langtímalána | (47.352.302) | (37.784.114) |
| Gengis- og þýðingarmunur | 13.558.327 | (7.626.044) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 222.907.105 | 256.701.080 |

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eiginfjárhlutfall og skuldsetningarhlutfall (Net debt to EBITDA ratio). Skilmálar lánasamninga eru prófaðir ársfjórðungslega og stóðustu allt tímabilið. Engar vísbendingar eru um að félagið standist ekki lánaskilmála við næstu útreikninga eða í framtíðinni.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Skuldir í EUR | 16.940.396 | 17.879.126 |
| | 16.940.396 | 17.879.126 |

# Skýringar

## 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| **Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---:|---:|---:|---:|
| Hlutdeildarfélög...................................................................... | 4.197.483 | 4.284.402 | 1.734.023 | 396.670 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu................................ | 44.369.619 | 12.581.044 | 10.740.441 | 514.743 |
| | 48.567.102 | 16.865.446 | 12.474.464 | 911.413 |

| **Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---:|---:|---:|---:|
| Hlutdeildarfélög...................................................................... | 4.224.572 | 3.900.191 | 2.178.030 | 283.766 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu................................ | 73.834.356 | 8.920.502 | 23.044.532 | 1.328.377 |
| | 78.058.929 | 12.820.692 | 25.222.562 | 1.612.143 |

Kröfur á tengda aðila eru tilkomnar vegna hefðbundinna viðskipta og eru því tilgreindar meðal viðskiptakrafna.

Í efnahagsreikningi eru viðskiptakröfur á tengda aðila færðar meðal viðskiptakrafna. Sjá umfjöllun í skýringu 6 um kröfur og niðurfærslu vegna erlendra viðskiptakrafna.

## 9. Önnur mál og atburðir eftir lok reikningsskiladag

***Hlutafjáraukning í Arctic Fish Holding AS.***

Síldarvinnslan hf., er eigandi 34,2% hlutar í Arctic Fish Holding AS („Arctic Fish“). Þann 20. ágúst sl. tilkynnti Síldarvinnslan um þátttöku félagsins í fyrirhugaðri hlutafjáraukningu hjá Arctic Fish. Nemur fyrirhuguð hlutafjárhækkun samtals 13.128.300 hlutum og miðast verð við gengi hluta í félaginu við lok viðskiptadags á Euronext vaxtamarkaðinum í Noregi þann 19. ágúst sl. sem var NOK 31,80. Nemur heildarfjárhæð hækkunar þannig um EUR 35 milljónum. Hafa tveir stærstu hluthafar félagsins, Mowi ASA (eigandi 51,28%) og Síldarvinnslan, gefið vilyrði fyrir að skrá sig fyrir hlutum í samræmi við eignarhlutföll. Hlutur Síldarvinnslunnar í hlutafjárhækkuninni myndi þannig nema allt að 40% eða að hámarki EUR 14 milljónum. Hlutafjárhækkunin er meðal annars háð samþykki hluthafafundar Arctic Fish.

***Hækkun veiðigjalda***

Hinn 14. júlí síðastliðinn breytti Alþingi lögum um veiðigjald, sbr. lög nr. 55/2025, en lögin munu öðlast gildi 1. nóvember næstkomandi og koma til framkvæmda 1. janúar 2026. Með lögunum var grundvelli og forsendum útreikninga veiðigjalds fyrir bolfisk og uppsjávarfisk breytt. Breytingin mun leiða til verulegrar hækkunar veiðigjalds á rekstrarárinu 2026.

# Skýringar

## 10. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu 2024 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 4 F 2024 | 3 F 2024 | 2 F 2024 | 1 F 2024 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 88.324.930 | 95.079.404 | 60.065.991 | 81.280.584 | 324.750.909 |
| Hagnaður af sölu eigna | 16.858 | 0 | 272.386 | 90.637 | 379.881 |
| Rekstrartekjur | **88.341.788** | **95.079.404** | **60.338.377** | **81.371.221** | **325.130.790** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 35.915.230 | 37.100.589 | 31.650.592 | 37.809.303 | 142.475.714 |
| Laun, aflahlutir annar starfsmannakostnaður | 23.989.656 | 23.767.235 | 19.504.615 | 21.818.197 | 89.079.703 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.270.175 | 1.718.627 | 2.613.826 | 2.536.970 | 9.139.598 |
| Sölutap | 208.945 | 219.931 | 0 | 0 | 428.876 |
| Rekstrargjöld | **62.384.006** | **62.806.382** | **53.769.033** | **62.164.470** | **241.123.891** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 25.957.782 | 32.273.022 | 6.569.344 | 19.206.751 | 84.006.899 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4.706.256 | 4.480.949 | 5.497.146 | 4.672.344 | 19.356.695 |
| Rekstrarhagnaður | **21.251.526** | **27.792.073** | **1.072.198** | **14.534.407** | **64.650.204** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (652.434) | (3.756.656) | (1.323.133) | (2.103.193) | (7.835.416) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (327.602) | 45.154 | (1.986.772) | 1.553.808 | (715.412) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | **20.271.490** | **24.080.571** | **(2.237.707)** | **13.985.022** | **56.099.376** |
| Tekjuskattur | (4.559.496) | (5.002.861) | 302.950 | (2.716.472) | (11.975.879) |
| Hagnaður tímabilsins | **15.711.994** | **19.077.710** | **(1.934.757)** | **11.268.550** | **44.123.497** |

Rekstur samstæðunnar á árinu 2025 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 2 F 2025 | 1 F 2025 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 76.152.317 | 82.634.484 | 158.786.801 |
| Hagnaður af sölu eigna | 58.641 | 0 | 58.641 |
| Rekstrartekjur | **76.210.958** | **82.634.484** | **158.845.442** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 34.900.426 | 35.998.787 | 70.899.213 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 23.565.948 | 22.026.550 | 45.592.498 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.890.547 | 2.438.874 | 4.329.421 |
| Rekstrargjöld | **60.356.921** | **60.464.211** | **120.821.132** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 15.854.037 | 22.170.273 | 38.024.310 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4.582.381 | 4.508.491 | 9.090.872 |
| Rekstrarhagnaður | **11.271.656** | **17.661.782** | **28.933.438** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.547.031) | (1.355.735) | (2.902.766) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (2.611.333) | (5.936.159) | (8.547.492) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | **7.113.292** | **10.369.888** | **17.483.180** |
| Tekjuskattur | (1.923.449) | (3.086.838) | (5.010.287) |
| Hagnaður tímabilsins | **5.189.843** | **7.283.050** | **12.472.893** |